

93. Kverkfjöll¹



¹ Magnús Ólafsson, Helgi Torfason og Karl Grönvold, 1999. Jarðhitakerfið í Kverkfjöllum. Vorráðstefna Jarðfræðifélags Íslands 20. apríl 1999, 3 bls.

Kverkfjöll liggja í norðanverðum Vatnajökli og eru þau að mestu úr móbergi frá síðustu ísöld. Eldvirkni hefur ekki verið mikil á nútíma, hraunlög er aðallega að finna í sprungu-sveimnum norðan fjallanna. A.m.k. einu sinni hefur gosið á nútíma í vestanverðum Kverkfjöllum, og hefur hraun runnið frá þeirri gossprungu til vesturs, og þunn hrauntota niður í Hveradal. Bergfræðilega séð eru Kverkfjöll úr þróuðu basalti, ekki hefur fundist súrt berg tengt þessari megineldstöð. Ísúr gjóska finnst inni í móbergsmýndunum í Hveragili. Jarðhitasvæðið sem tengist megineldstöðinni nær yfir um 25 km² og eru þar einkum gufuhverir í fjöllum en laugar í Hveragili. Öskjusig í Kverkfjöllum er ekki sjáanlegt á jörðu niðri, en talið hefur verið að lægð sem liggur milli austur- og vestur Kverkfjalla geti verið askja.

Virkum jarðhita í Kverkfjöllum má í aðalatriðum skipta í tvennt og er jarðhitasvæðið í vestur-Kverkfjöllum öflugra og betur þekkt. Hitt svæðið er í Hveragili milli Brúarjökuls og austur-Kverkfjalla og nær þar upp í brúnir fjallanna. (Fá staðarnöfn eru til á þessu svæði og höfum við notast við eigin nöfn, sem eru skáletruð hér á eftir.)

Í vestur-Kverkfjöllum er öflug háhitavirkni með gufuaugum og leirhverum á svæði sem er u.þ.b. 3 km á lengd og 0,5 til 1 km á breidd með stefnu N30°A. Svæði þetta er í 1600 til 1700 m hæð yfir sjó og höfum við skipt því í þrennt:

- Syðst er Hveradalur sunnan frá jökli að *Þrengslum*, þröngu skarði í móbergsmýnduninni. Hverinn Gámur, einn öflugasti gufuhver landsins, er þar norðan í skarðinu. Syðst í Hveradal er vatn, oftast ísilagt nema að austanverðu, þar sem öflugt hverasvæði heldur opinni vök er kemur fram á sumar. Austan við vatnið rís móbergshrúgald og höfum við kallað það *Gölt* og vatnið *Galtarlón*.
- Norðan *Þrengsla* er *Hveraskál* og veit skálin mót norðvestri, í átt til Dyngjujökuls.
- Nyrst í *Hveraskál* er hátt gjall- og móbergshrúgald, nafnlaust. Frá því teygist hryggur í norðurátt og meðfram honum lægð austan megin. Hryggurinn og lægðin mynda jarðhitarein sem við höfum kallað *Hveratagl*. Um taglið liggur gönguleiðin frá Kverkjökli upp í skála Jökklarannsóknafélagsins á s.k. Tunnuskeri. Um miðbik Hverataglsins rennur lækur fram af hárrí móbergsbrún, til vesturs. Fer hann um u.þ.b. 8 m hátt skarð eða hlið í móbergið og höfum við kallað skarðið *Gullna hliðið*.

Auk þessara svæða í vestur-Kverkfjöllum er talsverð jarðhitavirkni í sigkatlinum austan við Hveradal, en ketillinn hefur verið nefndur Gengissig. Hann er skammt suð-austan við skála Jökklarannsóknafélagsins, þar eru gufuhverir og laugar. Einnig eru hitur í 1920 m hæð á Skarphéðinstindi, hæsta tindu Kverkfjalla, og hefur mælst þar 84°C hiti (Sigurður Þórarinnsson, Jökull 1953), og um 20°C heitar gufulæður finnast á nokkrum stöðum á hæstu hnúkunum. Ekki hefur enn verið farið á þessa staði til sýnatöku, enda óhægt um vik.

Meðaltal gashita reiknast 302°C.

Austan Kverkfjalla er jarðhiti í Hveragili, sem er eitt af þremur giljum eða gljúfrum með suðvestlæga stefnu milli Brúarjökuls og austur-Kverkfjalla. Gilin eru allt að 80 m djúp, víða mjög þröng og grafin í gegnum basalhraunlög, móberg og stórfengleg bólstra-bergslög. Jarðhitinn í Hveragili kemur fram á u.þ.b. 2 km löngum kafla í gilinu og eru

